

Verkfræðistofa Norðurlands ehf.
Bergur Steingrímsson
Hofsbót 4
600 Akureyri

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Tilvísun: 2011020012 /

Efni: Þverárnáma, Eyjafjarðarsveit. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Verkfræðistofa Norðurlands ehf. að matsáætlun um Þverárnámu í Eyjafjarðarsveit.

Verkfræðistofa Norðurlands ehf, f.h. Þverár-Golf, sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 7. október 2011 ásamt tillögu að matsáætlun:

Þverár-Golf ehf. Þverárnáma, Eyjafjarðarsveit. Verkfræðistofa Norðurlands. September 2011.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Eyjafjarðarsveit, Fiskistofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Eyjafjarðarsveit með bréfi dags. 11. nóvember 2011, Fiskistofu með bréfi dags. 17. október 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 24. október 2011, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 3. nóvember 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. október 2011. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvubréfum dags. 18. og 24. október og 17. nóvember 2011.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Verkfræðistofa Norðurlands ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram fram í tölvubréfum framkvæmdaraðila dags. 18. og 24. október og 17. nóvember 2011 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áformum um frágang námunnar. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af ábendingum í umsögn Umhverfisstofnunar sé brýnt að í frummatsskýrslu komi fram hvernig verði gengið

frá þeim áföngum þar sem vinnslu er lokið eftir því sem efnistöku vinnur fram. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að fram komi hvort ráðist verði í frágang hvers svæðis að lokinni vinnslu og hversu stór svæði innan námunnar gert sé ráð fyrir að verði opin hverju sinni á framkvæmdatíma.

Í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun kemur fram að námubotn á svæðum A, B, C og I verði að hluta fyrir neðan jarðvatnsyfirborð eftir vinnslu og muni þannig myndast tjarnir sem ná yfir nokkurn hluta þessara svæða. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að skv. samræmdum starfsleyfisáætlunum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlita fyrir stórar námur beri að forðast að tjarnir myndist á efnistökusvæðum. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að tjarnir myndist í samræmi við ofangreind starfsleyfisáætlun.

Framkvæmdasvæði/áhrifasvæði og kostir

Í kafla 3.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um svokallaðan hliðarkost, þ.e. efnistöku úr farvegi Þverár. Skipulagsstofnun telur að gera verði ráð fyrir nánari umfjöllun um þennan kost í frummatsskýrslu, m.a. stærð svæðis sem verði raskað og efnismagn sem til greina kemur að vinna og hvort að þessi efnistaka komi til viðbótar því efnismagni sem vinna á skv. hinum valkostunum. Þá vill stofnunin benda á að þó að gert sé ráð fyrir í kafla 2.3 að athugunarsvæði vegna gróðurs, fugla, fornleifa og jarðvatns ná um 100 m út fyrir mörk námunnar kunna niðurstöður um landbrot Þverár vegna efnistöku skv. hliðarkosti að ná út fyrir þetta svæði og þarf að gera ráð fyrir því hvað varðar t.d. hugsanlega áhrif á gróður og fornleifar.

Skipulag og leyfi

Í kafla 5.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um stöðu skipulags m.t.t. Þverárnámu. Í frummatsskýrslu þarf að koma skýrt fram að sú breyting á aðalskipulagi sem nú er í staðfestingarferli, skv. tillögu að matsáætlun, tekur til svæðis valkosta 1 sem og fyrirhugað deiliskipulag.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.3.2 er fjallað um landslag og sjónræn áhrif. Skipulagsstofnun vill benda á að til þess að komast að endanlegri niðurstöðu um áhrif efnistöku á landslag og sjónræna þætti þarf að gera ráð fyrir að lagt sé mat á gildi svæðisins í frummatsskýrslu, auk þess að sýna þær ásýndarbreytingar sem verða á svæðinu við stækkun námunnar frá völdum sjónarhornum. Þá bendir stofnunin á að í köflum 4.3.8 og 4.3.9 kemur ekki skýrt fram að leggja eigi mat á áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla og birta í frummatsskýrslu en niðurstöður slíks mats þurfa að koma fram í skýrslunni og rökstuðningur fyrir þeirri þeim.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Eyjafjarðarsveit, Fiskistofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun